

Nr. 050 / 11 Sómi SH 163**Tók niðri á Breiðafirði**

Skipaskr.nr. 6484
Smíðaður: Hafnarfirði 1983 plast
Stærð: 4,8 brl. 3,9 bt.
Mesta lengd: 7,56 m Skráð lengd: 7,09m
Breidd: 2,52 m Dýpt: 1,44 m
Vél: Yanmar 140 kW 1997
Fjöldi skipverja: 2



Sómi©Þorgeir Baldursson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. nóvember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 2. maí 2011 var Sómi SH 163 á siglingu milli bryggja í Stykkishólmi. Veður: A 7 m sek.

Verið var að sigla bátnum til viðgerða á drifbúnaði í Skipavíkurhöfn. Annar skipverjinn tók eftir að báturinn stefndi á Reyðarsker og kallaði til skipstjórans sem þá reyndi að bakka en bilunin í drifinu kom í veg fyrir að það væri hægt. Hann stöðvaði þá vélinu og hífði upp drifið en framskrið bátsins leiddi til þess að hann tók niðri við skerið. Honum var siglt til hafnar og tekinn á land. Skemmdir reyndust ekki meiri en rispúr á botni.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjórinn sagðist hafa í fljótfærni reynt að bakka þegar honum varð ljóst að hann væri að stefna á skerið í stað þess að beygja frá;
- að skipstjórinn studdist við landsýn og mið á siglingunni. Hann kvaðst hafa verið með stefnu eftir miði en vegna augnabliks aðgæsluleysis hefði hann lent utan þess.

Nefndarálit:

Nefndin telur að orsök óhappsins megi rekja til aðgæsluleysis skipstjóra.